



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 41/2011

**Ákvörðun um sektir vegna vanrækslu Snyrtistofunnar Ágústu ehf.  
að fara að tilmælum Neytendastofu um verðmerkingar**

**I.**

**Málsmeðferð**

Hinn 26. janúar 2011 kom starfsmaður Neytendastofu á snyrtistofuna Ágústu í þeim tilgangi að skoða ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveða á um það að fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, nr. 725/2008. Samkvæmt reglunum ber þeim fyrirtækjum sem selja þjónustu að hafa sýnilegan lista yfir alla framboða þjónustu á sölustaðnum, sé fjöldi þjónustuþátta hins vegar mjög mikill er í reglunum heimild til að hafa sýnilegan lista yfir helstu þjónustuþætti. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að hvorki var sýnilegur verðlisti fyrir framboðna þjónustu né verðlisti yfir helstu þjónustuliði. Þá voru söluvörur óverðmerktar.

Starfsmaður snyrtistofunnar Ágústu kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við verðmerkingarnar. Ekki voru gerðar athugasemdir við niðurstöður skoðunarinnar af hálfu starfsmanns snyrtistofunnar Ágústu. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf hjá fyrirtækinu þess efnis að skoðunin hafi farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Snyrtistofunnar Ágústu ehf., dags. 14. febrúar 2011, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim lögum og reglum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim tilmælum beint til snyrtistofunnar Ágústu að koma verðmerkingum í betra horf að viðlögðum sektum.



Hinn 17. mars 2011, var ástand verðmerkinga aftur skoðað hjá fyrirtækinu. Leiddi sú skoðun í ljós að ástand verðmerkinga söluvara var nú ábótavant. Þá var enn hvorki sýnilegur verðlisti yfir alla framboðna þjónustu né verðlisti yfir helstu þjónustuliði. Starfsmaður snyrtistofunnar Ágústu kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til snyrtistofunnar Ágústu, dags. 29. mars 2011, var fyrirtækinu gefinn tíu daga frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Með tölvubréfi dags. 14. apríl 2011 barst Neytendastofu svar f.h. snyrtistofunnar Ágústu þar sem fram koma skýringar fyrirtækisins. Í bréfinu kemur fram að komið hefðu athugasemdir frá Neytendastofu varðandi verðmerkingar hjá snyrtistofunni sem nú hafi verið lagfært.

Að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem bárust Neytendastofu í ofangreindu tölvubréfi var ástand verðmerkinga hjá snyrtistofunni Ágústu skoðað í þriðja sinn þann 20. maí 2011. Sú skoðun leiddi í ljós að ástandi verðmerkinga á söluvörum var enn ábótavant. Starfsmaður snyrtistofunnar Ágústu kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga.

## **II. Niðurstaða**

Í máli þessu hefur Snyrtistofan Ágústa ehf., ekki sinnt tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í viðunandi horf.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

*„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“*

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og heimildar í ákvæði 18. gr. sömu laga, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 725/2008, um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. mgr. 4. gr. verðmerkingareglanna:



*„Gefa skal upp verð á hverri pakkningu eða söluveiningu. Verðið skal setja á vöruna sjálfa, á viðfestan miða eða á umbúðirnar. Einnig er heimilt að verðmerkja vöru með hillumerki, skilti eða verðlista enda uppfylli slíkar verðmerkingar skilyrði 3. gr. þessara reglna.“*

Í 3. gr. segir m.a.:

*„Verðmerkja skal vöru þar sem hún er höfð til sýnis, þ.m.t. í búðargluggum og þjónustu þar sem hún er boðin.*

*Verðmerkingin skal vera skýr, aðgengileg og greinileg svo augljóst sé til hvaða vöru eða þjónustu verðmerkingin vísar.“*

Samkvæmt ofangreindum ákvæðum ber snyrtistofunni Ágústu að verðmerkja allar söluvörur sínar.

Með því að verðmerkja ekki söluvörur sínar hefur snyrtistofan Ágústa brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005 sem og ákvæðum 3. og 4. gr. reglna nr. 725/2008. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf og því þykir stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

*„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:*

*[...]*

*b. stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]*

*c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“*

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á snyrtistofuna Ágústu stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



### III. Ákvörðunarorð:

„Snyrtistofan Ágústa ehf., Hafnarstræti 5, Reykjavík hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæðum 3. og 4. gr. reglna nr. 725/2008, um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar, með því að verðmerkja ekki söluvörur sínar. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að tilmælum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Snyrtistofuna Ágústu ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíuþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 7. júlí 2011

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir